

LÍFF2GL05

Búið til: Sun, 28 Apr 2013 04:18:32 GMT

Titill

Grunnáfangi í Líffræði

Skammstöfun

LÍFF2GL05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Líffræði

Viðfangsefni

Grunnáfangi í Líffræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum verður farið yfir helstu þætti sem einkenna líf í sjó og á landi. Byggingu frumna, flokkun lífvera, ljóstillíf, öndun, osmósu, æxlun lífvera, dreifkjörnunga og heilkjörnunga, frumbjarga og ófrumbjarga lífverur svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur fá einnig kynningu og erfðafræði og vistfræði.

Forkröfur

Inngangur að náttúruvísindum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vísindalegum aðferðum
- uppbyggingu frumu, starfsemi hennar og hlutverki
- uppbyggingu og starfsemi dreif- og heilkjörnunga
- hvað það er sem einkennir frumbjarga og ófrumbjarga lífshætti
- hringrás orku og efna í náttúrunni
- ljóstillíf

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita vísindalegum aðferðum
- lýsa í máli og myndum uppbyggingu frumu, starfsemi hennar og hlutverki
- lýsa byggingu og starfsemi dreif- og heilkjörnunga
- útskýra hringrás orku og efna í náttúrunni
- lesa og skilja umfjöllun um helstu viðfangsefni áfangans
- tjá kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefni áfangans og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun

- átta sig á tengslum viðfangsefna áfangans við aðra þætti samfélagsins
- tjá sig um einstaka efnisþætti
- beita öguðum vinnubrögðum, taka ábyrgð á eigin námi og unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd